



## Þjóðþekktir leggja átaki gegn einelti lið

Átak Heimilis og skóla gegn einelti heldur áfram og föstudaginn 13. nóvember var formlega hafist handa við að dreifa nýju fræðsluhefti. Sama dag var nýtt veggspjald gegn einelti opinberað en þar sitja fyrir átta þjóðþekktir einstaklingar sem styðja átakið. Fimm þeirra mættu í Grandaskóla síðasta föstudag til að hengja upp fyrsta veggspjaldið og dreifa bæklingum. Það voru: Sverrir Þór Sverrisson (Sveppi), Unnur Birna Vilhjálmsdóttir, Jóhanna Guðrún Jónsdóttir, Ingólfur Þórarinnsson (Ingó) og Eyþór Ingi Gunnlaugsson. Auk þeirra voru Sjöfn Þórðardóttir, formaður Heimilis og skóla og Björk Einisdóttir, framkvæmdastjóri, mættar til að fylgja fræðsluhefti og veggspjaldi úr hlaði. Veggspjaldið má sjá á heimasíðu okkar.



## Vel heppnaður Fulltrúaráðsfundur á Nesinu


Fulltrúaráðsfundur Heimilis og skóla - landssamtaka foreldra var haldinn í fimmta sinn 30. október síðastliðinn á Seltjarnarnesi undir yfirskriftinni „Aukin aðkoma foreldra að skólastarfi og tengsl við nærsamfélagið“.

Fulltrúaráðið er skipað fulltrúum frá svæðisráðum foreldra grunnskólabarna af öllu landinu. Í ljósi þess að niðurskurður blasir við hjá flestum sveitarfélögum er mikilvægt að foreldrar eigi aðkomu að ákvarðanatöku og að skólayfirvöld nýti sér þá auðlind sem foreldrar eru í skólastarfinu. Íþróttafélagið Grótta hlaut foreldraverðlaun Heimilis og skóla árið 2007 fyrir samstarf sitt við sveitarfélagið og skólafórnir bæjarins. Á fundinum fengu fulltrúar kynningu á því einstaka samstarfi sem er milli stofnana og foreldra og annarra aðila sem koma að uppeldi barna á Seltjarnarnesi. Samstarf og samráð þessara aðila hefur gefist afar vel og skilað árangri í forvarnastarfi og með fjölskylduvænu samfélagi.

Að loknum hefðbundnum fundarstörfum var fulltrúum boðið í kynnisferð um skóla-, tómstunda- og íþróttaumhverfi bæjarins. Einnig fengu fulltrúarnir kynningu á starfsemi Tónlistarskóla Seltjarnarness og bauð bæjarstjórnin fulltrúum í hádegisverð. Móttaka skólanefndar sem og bæjarstjórnar var í alla staði til fyrirmyndar og er það til eftirbreytni fyrir önnur sveitarfélög hve vel er staðið að þessum málum á Seltjarnarnesi. Hér að neðan er mynd af þeim sem tóku þátt í fulltrúaráðsfundinum þetta árið.



Ritstjórn: Hrefna Sigurjónsdóttir - hrefna@heimiliogskoli.is - www.heimiliogskoli.is



## Nýir kynningarbæklingar fyrir öll skólastig komnir

Nýir kynningarbæklingar fyrir öll skólastig: leikskóla, grunn- og framhaldsskóla, hafa nú litið dagsins ljós og hægt er að nálgast þá á skrifstofu Heimilis og skóla. Einnig má skoða þá á vefsíðu okkar, <http://heimiliogskoli.is> á pdf formi.

## Insafe ráðstefna á Íslandi

Dagana 30. nóvember til 3. desember er fyrirhuguð INSAFE netöryggisráðstefna í Reykjavík á vegum Heimilis og skóla og SAFT. INSAFE er netverk þeirra þjóða er starfa að Netöryggisáætlun Evrópusambandsins og reka netöryggismiðstöðvar undir þeirri áætlun. INSAFE hefur það hlutverk að stuðla að ábyrgri og ánægjulegri notkun netsins og annarra nýmiðla meðal ungs fólks en Evrópusambandið kom verkefninu á laggirnar árið 2004. Búist er við fjölmennri og fjórlegri ráðstefnu í Reykjavík.